

**Nd.**

**78. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar í Breiðavík í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Flutningsmaður: Hákon Kristófersson.

1. gr.

Í Breiðavík í Vestur-Barðastrandarsýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

**Greinargerð.**

Frv. þetta er flutt eftir ósk eiganda Breiðavíkur. Löggilding á þessum stað telur hann hafi allmikla þýðingu fyrir vermenn, er þangað sækja, og mundi hún auka verðmæti jarðarinnar. Auk þess mundi löggildingin tryggja betur en ella er hægt skipaviðkomur, sem nú hafa ekki átt sjer stað þangað í nokkur nndanfarin ár.